

Skólastjórn, kennarar, fjölskyldumeðlimir, vinir og Samnemendur.

Í dag er einskonar uppskeruhátíð fyrir okkur. Hér erum við að uppskera ýmis próf sem við höfum unnið okkur inn hér við skólan síðastliðin ár. **Þetta** var ekki alltaf létt og ég er nokkuð viss að ég er ekki sá eini sem leið stundum eins og allt væri ómögulegt og að maður gæti þetta ekki lengur en hér erum við nú umkringd vinum og **kunningjum** sem gengu í gegn um þetta með okkur, **Við** getum verið stolt af því.

Síðan næst þegar að við stöndum frammi fyrir einhverju erfiði í lífinu munum við kannski eftir deginum í dag og hugsum með okkur: þetta reddast. **Talandi um sanna íslendinga!**

En já, Í dag erum við öll sigurvegarar og verðlaunin okkar eru reynslan sem við höfum aflað, prófið sem við göngum hér út með og þroskinn sem við höfum tekið út.

Til dæmis hefði ég aldrei sagt já við því að halda þessa ræðu fyrir **fjórum** árum þegar ég byrjaði hér í rafvirkjanum og þegar ég lít til baka tek ég eftir miklum **breytingum** á vinum mínum og kunningjum og þess vegna er ég viss um að ég er alls ekki sá eini sem gengur út á eftir ánægður með breytinguna sem maður gekk í gegn um.

En einnig allar minningarnar sem við höfum aflað okkur, hvort sem það er að fara til **útlanda** með skólanum eins og í Berlínar áfanganum sem ég var svo heppinn að geta troðið mér í, eða bara allar minningarnar sem maður bjó til með félögum sínum, ég er til dæmis **ánægður** með minningarnar mínar frá önnum mínum á

rafiðnaðarbrautinni, en þær eiga ekkert allar heima í þessari ræðu, svo ég **sleppi** þeim bara í þágu ímyndar þeirra sem áttu í hlut.

En ég vil þakka kennurunum og félögum mínum á rafiðnaðarbrautinni fyrir þessar 7 annir.

En ætli ein bestu verðlaunin okkar séu ekki að sjá mömmu og pabba vera stolt af okkur. Sum þeirra gætu meira að segja vera að tárast (**Hallo hallo mama**).

Síðan eru líka sumir bara fegnir að vera búnir með þetta. Ég mun örugglega einhvern tímann sakna þessa tíma en ég er samt ekkert að **drífa** mig í háskóla. Ég held nefnilega að flest okkar myndu bara græða á því að vinna eða ferðast í eitt eða tvö ár til þess bara svona að **kanna veröldina** áður en maður dembir sér í eitthvað nám. Sérstaklega með því að ferðast fær maður að kynnast svo miklu nýju að kannski finnur maður nákvæmlega það sem manni langar til að gera.

Síðasti punkturinn minn sem ég vil tala hér um er það það sem mér finnst vera það **mikilvægasta en samt líka erfiðasta** sem ég hef lært á seinni árum skólagöngu minnar . En það tengist takmörkunum sem við setjum okkur, eða í raun **það** að við þurfum virkilega að vinna að því að brjóta þær niður, því að í raun eru takmarkanirnar okkar, okkar stærstu hindranir í lífinu.

Við höfum nefnilega öll drauma eða markmið sem við viljum ná **fram**, en til þess að hafa séns á því að ná þeim fram megum við ekki segja þetta væri gaman heldur verðum við að segja, þetta verður gaman. Því það er oft það sem vantar uppá hjá fólki, smá trú á sjálfum sér og á **draumum** sínum.

Takk fyrir mig